

***BORGARRÁÐ 22. nóvember 2018: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um
kostnað borgarinnar er snýr að minjavernd - R17080091***

Enn á ný er óskað eftir upplýsingum um útlagaðan kostnað borgarinnar vegna braggans í Nauthólsvík er snýr að minjavernd. Óskað var eftir 70 milljóna viðbótar framlagi vegna minjaverndar og marg oft hefur komið fram að ekki var um minjavernd að ræða. Sá „listi“ sem birtur er yfir minjar í svarinu sem samanstanda af skemmu, tengihúsi, náðhúsi og bragga eru ekki minjar enda byggðar veturinn 1942-1943 og eru því ekki nægjanlega gamlar til að teljast sem minjar. Að auki var bragginn rifinn og nýr byggður á sama stað og sá upprunalegi stóð. Eina sem hélt sér í því niðurrifi var annar gaflinn. Þegar borgarfulltrúar sinna eftirlitsskyldu sinni er lágmark að þeim séu veittar réttar og fullnægjandi upplýsingar.